

Innanríkisráðuneytið

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Vinnureglur

Úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003

Við úthlutun framlaga til sveitarfélaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga skulu eftirfarandi viðmiðunarþárhæðir lagðar til grundvallar að ákvörðun framlags til sveitarfélaga vegna könnunar á hagkvæmni sameiningar, kynningar á sameiningartillögu og framkvæmdar atkvæðisgreiðslu:

- *Könnun á hagkvæmni sameiningar:*
Nái sameiningartillagan til tveggja sveitarfélaga greiðast 1.700.000 kr.
Séu um fleiri en tvö sveitarfélög að ræða greiðast 850.000 kr. fyrir hvert sveitarfélag til viðbótar.
- *Kynning á sameiningartillögu:*
Fast framlag að fjárhæð 2.000.000 kr. greiðist vegna hverrar sameiningartillögu.
Til viðbótar greiðast 205 kr. á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til.
- *Framvæmd atkvæðagreiðslu:*
Á hvern íbúa sem sameiningartillagan nær til greiðast 725 kr.

Hér er um hámarksúthlutun framlags úr Jöfnunarsjóði á grundvelli a-liðar 1. gr. reglnanna nr. 295/2003 að ræða.

Heildarframlag Jöfnunarsjóðs getur þó aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur raunverumlegum kostnaði sveitarfélaga við þá þætti sem falla undir ákvæði a-liðar 1. gr. reglananna nr. 295/2003.

Ekki er gert ráð fyrir framlagi Jöfnunarsjóðs vegna vinnu starfsmanna einstakra sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar til sameiningarnefnda eða starfsmanna þeirra.

Framlag verður ekki greitt fyrr en fyrir liggja hjá sjóðnum staðfestingar á áföllum kostnaði vegna viðkomandi sameiningartillögu.

Innanríkisráðuneytinu, 18. júlí 2016.

Dólfur Þorvaldsson

Ragnhildur Þorvaldsson